# LAXVEIÐIN 1994

GUÐNI GUÐBERGSSON

mars 1995 VMST-R/95008

**Efnisyfirlit:**


Inngangur........................................................ 1

Aðferðir.......................................................... 1

Laxveiðin 1994................................................ 2

Stangveiði............................................... 3

Netaveiði................................................ 4

Hafbeit.................................................. 4

Umræður......................................................... 5

Þakkarorð........................................................ 6

Heimildir......................................................... 6

Myndir og töflur ........................................... 8 - 18

Líkt og undanfarið er tekinn saman listi valinna áa, yfir tímabilið frá 1974 - 1994. Á því tímabili eru upplýsingar til á tölvutæku formi og einnig að miklu leyti sambærilegar milli ára. Breytingar í veiði lýsa í grófum dráttum breytingum í laxgengd. Auk heildarveiði er reiknuð minnsta veiði á tímabilinu og mesta veiði.

Upplýsingum um netaveiði er safnað á svipaðan hátt og um stangveiðina nema að þar eru sjaldnast til upplýsingar um einstaka fiska en þess í stað er stuðst við heildarveiðitölur viðkomandi veiðijarða. Á Vesturlandi var upplýsingum safnað af Vesturlandsdeild Veiðimálastofnunar (Sigurður Már Einarsson munnl. uppl.) og á Suðurlandi af Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar (Magnús Jóhannsson munnl. uppl.).

Tölur um fjölda laxa sem endurheimtust úr hafbeit eru teknar með í þessari skýrslu. Samanlagt gefa tölur um endurheimtur úr hafbeit og veiði á náttúrulega framleiddum laxi í íslenskum vatnakerfum hugmynd um fjölda íslenskra laxa sem koma aftir eftir dvöl í hafinu. Um endurheimtur í hafbeit er byggt á skýrslu Stefáns Eiríks Stefánssonar (1995) og um skiptingu milli landshluta eru upplýsingar fengnar frá Stefáni Eiríki Stefánssyni (munnl. uppl.).

**LAXVEIÐIN 1994**

Sumarið 1994 veiddust alls 28.042 laxar á stöng, 6.712 laxar veiddust í net í ám, 5.134 laxar í net í sjó og 89.225 laxar endurheimtust úr hafbeit (Tafla 1). Alls eru þetta 129.113 laxar. Heildarþungi veiddra laxa og hafbeitarlaxa var 448,4 tonn sem skiptist þannig að 104,8 tonn veiddust á stöng, 21,1 tonn í net í ám, 14,6 tonn í sjó og 307,8 tonn endurheimtust úr hafbeit.

Heildarveiði laxa og fjöldi endurheimtra hafbeitarlaxa á árinu 1994, var 129.113 laxar (Tafla 2).

Samanlagður fjöldi stang- og netveiddra laxa 1994 (Tafla 2) var um 23,6 % minni en meðalveiði áranna 1974 - 1993. Stangveiðin 1994 er um 11 þús. löxum minni en hún var á árinu 1993 (Tafla 2, 1. mynd) og 22,6 % minni en meðalveiði

## INNGANGUR

Úrvinnslu veiðiskýrslna fyrir laxveiðina 1994 er nú lokið. Eins og verið hefur sendi Veiðimálastofnun út veiðibækur fyrir veiðitímann og þeim var síðan safnað saman að honum loknum. Í flestum tilfellum bárust bækurnar fljótt en þó var einstaka undantekning sem seinkaði útgáfu heildarsamantektar og í einstaka tilfellum vantar skráningu.

Með breytingum á lögum nr:76 frá 1970 um lax- og silungsveiði hefur veiðitími, á laxi og göngusilungi, verið rýmkaður og má nú standa frá 20. maí til 30. september, en þó ekki lengur en 3 1/2 mánuð. Veiðitíma hefur þó óvíða verið breytt.

## AÐFERÐIR

Úrvinnsla veiðiskýrslna var með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár (Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987; Guðni Guðbergsson 1988; 1989; 1990; 1991; Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1992; 1993 og 1994). Úr hverri veiðibók eru tölvuskráðar upplýsingar um veiðitíma, fisktegund, kyn, þyngd, lengd, veiðarfæri og veiðistaði séu þeir númeraðir til auðveldunar skráningu þeirra.

Heildarfjöldi veiddra laxa er lagður saman ásamt heildar- og meðalþunga veiðinnar. Laxveiðinni er skipt í smálaxa og stórlaxa og er átt við að smálax sé sá lax sem dvalið hafa eitt ár í sjó en stórlax tvö ár eða lengur. Hér er skiptingin í flestum tilfellum þannig að hængar 8 pund og þyngri eru taldir vera tveggja ára úr sjó, en hrygnur 7 pund og þyngri. Þyngdarbilið sem skipting í smálax og stórlax liggur á getur þó verið breytilegt milli áa og ára. Þyngd laxfiska er jafnan gefin upp í pundum en 1 pund er skilgreint sem 500 grömm.

Í hverjum landshluta fyrir sig er veiðin tekin saman og skipting landshluta sú sama og skipting kjördæma.

áranna 1974 - 1993. Netaveiðin var 25,7 % minni en meðalveiði sömu ára og svipuð og verið hefur undanfarin sex ár (Tafla 2, 2. mynd).

Fjöldi endurheimtra hafbeitarlaxa minnkaði verulega frá árinu 1993, eða úr rúmlega 168 þús. löxum og niður rúmlega 89 þús. laxa en fram til ársins 1993 hafði fjöldi hafbeitarlaxa farið jafnt og þétt vaxandi (3. mynd).

**Stangveiðin**

Heildarstangveiði á Íslandi 1994 var 28.042 laxar og vógu þeir samtals 104,8 tonn. Af landshlutum veiddust flestir laxar á Vesturlandi 12.204, en fæstir á Vestfjörðum 495 (Töflur 6 - 12). Að þunga til var veiðin einnig mest á Vesturlandi um 39,5 tonn, en næst mest á Norðurlandi vestra um 18,1 tonn.

Flestir laxar veiddust í Norðurá 1.625, en næst flestir í Þverá og Kjarrá 1.605 og í þriðja sæti voru Rangárnar með 1.576 veidda laxa. Röð 10 efstu laxveiðiánna er sýnd í töflu 3.

Í skýrslur um veiði í ám voru í heild skráðir 44.427 stangveiddir silungar. Samkvæmt veiðiskýrslum veiddust flestir silungar á Norðurlandi vestra (Töflur 6-12) og á það bæði við um bleikju og urriða. Alls voru skráðir 16.071 urriðar og 28.356 bleikjur. Af einstökum ám veiddust flestir urriðar í Grenlæk, 3.311 (Tafla 4) og flestar bleikjur í Fljótaá, 7.071 (Tafla 5).

Af stangveiddum löxum voru 17.562 (63%) sem verið höfðu eitt ár í sjó en 10.480 (37%) tvö ár eða lengur (tafla 13). Í stangveiði voru 1,7 smálaxar á móti hverjum einum stórlaxi, í netaveiði voru þeir 2,0 og 4,6 í hafbeit. (Tafla 14).

Veiðiálag af völdum stangveiði hefur verið metið í Elliðaánum og verið frá 34 - 49% (Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1995). Líklegt er að stangveiðiálag í íslenskum laxveiðiám sé á bilinu 30 - 80% (Þór Guðjónsson 1986).

Samkvæmt hreisturrannsóknum bar nokkuð á hafbeitarlaxi í stangveiði í ám við Faxaflóa. Lítið bar á laxi sem sloppið hafði úr kvíum svipað því sem var 1993 en nokkuð bar á slíku árin þar á undan. Helst það í hendur við umfang kvíaeldis. Veiðin í þeim ám sem eldisfiskur villist í er nokkru hærri en hún hefði verið ef eingöngu væri um náttúrulega framleiðslu að ræða. (Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1994; Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1995).

Líkt og gert hefur verið undanfarin ár er gefin veiði, stórs hluta laxveiðiáa, frá árinu 1974 ásamt reiknuðu meðaltali, minnstu- og mestu veiði tímabilsins (Tafla 15).

**Netaveiðin**

Heildarlaxveiði í net í ám á Íslandi 1994 var 6.712 laxar sem vógu um 21,2 tonn. Í net veiddust flestir laxar á Suðurlandi 6.369. Í Ölfusá veiddust 2.057 laxar, 1.594 í Hvítá, 2.706 í Þjórsá og 12 í Skaftá (Magnús Jóhannsson munnl. uppl.). Í Borgarfirði veiddust nú 206 laxar í net á vatnasvæði Hvítár, sem er mikil minnkun á veiði frá fyrri árum, en þar er nú fjórða árið í röð, einungis veitt í fá net, (Sigurður Már Einarsson, munnl. uppl.). Netaveiði í ám var einhver í öllum landshlutum nema á Reykjanesi og Vestfjörðum (tafla 1). Í netaveiði í sjó veiddust 5.134 laxar sem um vógu 14,6 tonn. Þeir veiddust allir í net við Vesturland, en lögleg sjávarveiði er stunduð þar frá fimm jörðum. Laxveiði í sjó nú var sú mesta, sem verið hefur frá upphafi, en aukning í sjávarveiði hefur að nokkru leyti haldist í hendur við aukin umsvif í hafbeit (Sigurður Már Einarsson munnl. uppl.).

**Hafbeit**

Í hafbeit endurheimtust alls 89.225 laxar, sem vógu 307,8 tonn. Flestir laxar endurheimtust í hafbeitarstöðvar á Vesturlandi og á Reykjanesi (Tafla 1). Fjöldi

endurheimtra laxa í hafbeit 1994 var nokkru lægri en var 1993 en hann var þá sá sá mesti frá upphafi. Árið 1991 var um 5,7 milljón gönguseiðum sleppt til hafbeitar, um 4,6 milljón seiðum 1992, og 3,6 milljón seiðum 1993. Á árinu 1994 mun um um 3,9 milljónum seiða hafa verið sleppt til hafbeitar, en þau seiði eiga að skila heimtum 1995. Endurheimtuhlutfallið, árið 1994, var 2 % af smálaxi og 0,3 % af stórlaxi (Stefán Eiríkur Stefánsson 1994).

**UMRÆÐUR**

Nýting laxveiði á Íslandi hefur verið með mjög líku sniði undanfarin ár en veiðin endurspeglar vel laxgengd í árnar. Í ám við suðvestanverðan Faxaflóa þar sem hreisturrannsóknir hafa verið framkvæmdar hefur komið í ljós að hlutdeild laxa sem sloppið hafa úr eldiskvíum er nú mjög lítil. Laxar sem villst hafa úr hafbeit, og koma fram í veiði, eru þó enn til staðar. Þessir fiskar hafa líklega aukið fjölda veiddra laxa og meira bar á þeim í veiði seinni hluta veiðitímans.

Netaveiði á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði var nær engin sumarið 1993, fjórða árið í röð, enda einungis fáar lagnir þar notaðar. Netaveiðiétturinn hefur verið leigður af þeim, sem stangveiði stunda. Upptaka neta í Hvítá hefur leitt til aukningar í veiði í hliðarám Hvítár. Talið er að afli í sjávarlagnir hafi haldist nokkuð í hendur við fjölda laxa í hafi og því tengt umsvifum í hafbeit. Þrátt fyrir nokkra minnkun í hafbeitarendurheimtum varð nokkur aukning í veiði í sjávarlagnir og hefur ekki verið meiri. Vikufriðun, aðstæður til veiða og veiðni neta hafa áhrif á veiðina.

Sveiflur í veiði eru í álíka takti í flestum ám og nær allar ár í sama landshluta eru með sambærilega sveiflu. Það bendir til umhverfisskilyrði hafi áhrif á stórum svæðum og samstilli sveifluna. Tengsl hafa fundist milli laxgengdar og hitastigs sjávar árið sem gönguseiðin fara til sjávar (Scarnecchia 1984; Þórólfur Antonsson o.fl. 1994)

Í samanburði við fyrri ár var nokkur lækkun á hlutfalli smálaxa í veiðinni miðað við fjölda þeirra árið á undan. Þar sem fylgni er milli fjölda smálaxa og stórlaxa í veiði árið eftir, má búast við minnkun í stórlaxaveiði á komandi sumri.

Mun fleiri silungar voru skráðir í veiðinni 1994 en var 1993. Þrátt fyrir bætta skráningu silungsveiði er enn talsvert í land með að öll silungusveiði sé skráð og er það eitt þeirra framtíðarverkefna, sem þarf að vinna í samvinnu við veiðimenn og veiðiréttarhafa.

Hér skal ítrekað að ef veiðiréttarhafar tölusetja veiðistaði, fæst skipting veiðinnar eftir veiðistöðum við úrvinnslu hverrar veiðiár. Sífellt fleiri hafa tekið upp slíka skráningu.

Þeir sem skráningu veiði annast, eru minntir á að skila veiðiskýrslum til úrvinnslu strax að loknum veiðitíma.

**ÞAKKARORÐ**

Valgerður Gunnarsdóttir og Þóra Vignisdóttir tölvuskráðu veiðina. Sigurður Már Einarsson safnaði netaveiðiskýrslum á Vesturlandi og Magnús Jóhannsson á Suðurlandi. Stefán Eiríkur Stefánsson safnaði tölum um hafbeit.

Ofantöldum aðilum kann höfundur bestu þakkir. Síðast en ekki síst ber að þakka hinum fjölmörgu veiðiréttareigendum, leigutökum og veiðimönnum sem önnuðust skráningu veiðinnar í veiðiskýrslur.

**HEIMILDIR**

**Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1994.** Hlutdeild eldislaxa í ám á sv- horni landsins samkvæmt hreisturlestri 1993. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-R/94013.

**Guðni Guðbergsson og Einar Hannesson 1987.** Laxveiðin 1986. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/87014.

**Guðni Guðbergsson 1988. Laxveiðin 1987.** Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/88026.

**Guðni Guðbergsson 1989.** Laxveiðin1988. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/89019.

**Guðni Guðbergsson 1990. Laxveiðin 1989.** Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/90016.

**Guðni Guðbergsson 1991. Laxveiðin 1990.** Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/91017.

**Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1992.** Laxveiðin 1991. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/92012.

**Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1993.** Laxveiðin 1992. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/93016.

**Guðni Guðbergsson og Friðþjófur Árnason 1994.** Laxveiðin 1993. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/94011.

**Scarnecchia, D.L. 1984.** Climatic and oceanic variations affecting yeld of Icelandic stocks of Atlantic salmon. Can. J. Fish. Aquat. Sci., Vol 41, bls. 917-935.

**Stefán Eiríkur Stefánsson 1995.** Framleiðsla í Íslensku fiskeldi árið 1994. VMST-R/95003.

**Þór Guðjónsson 1986.** Exploitation of Atlantic Salmon in Iceland. Í: Atlantic Salmon: Planning for the future. (ritstj.) Derik Mills og David Piggins.

**Þórólfur Antonsson Guðni Guðbergsson og Sigurður Guðjónsson 1992.** Sveiflur í veiði og nýliðun fiskstofna. Ægir 85:8 bls 404-410.

**Þórólfur Antonsson og Sigurður Guðjónsson 1995.** Rannsóknir á fiskistofnum vatnasviðs Elliðaánna 1994. Veiðimálastofnun skýrsla, VMST-R/95010X.




1. mynd. Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi 1974 - 1994.




2. mynd. Fjöldi netaveiddra laxa á Íslandi 1974 - 1994.




3. mynd. Fjöldi endurheimtra laxa úr hafbeit á Íslandi 1974 - 1994.

**Tafla 1.** Heildarfjöldi og heildarþyngd (pund) fangaðra laxa á Íslandi 1994, skipt eftir veiðiaðferðum og landshlutum (kjördæmum). (1 pund = 500gr).

| Landshluti | Stangveiði | | Netaveiði | | Hafbeit | | Samtals | | Hlutfall (%) af heild | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Þyngd | Fjöldi | Þyngd | Fjöldi | Þyngd | Fjöldi | Þyngd | Fjölda | Þyngd |
| Reykjanes | 2889 | 15491 | | | 21375 | 148040 | 24264 | 163531 | 18,8 | 18,2 |
| Vesturland | 12204 | 78921 | 5340 | 30252 | 66820 | 462728 | 84364 | 571901 | 65,3 | 63,8 |
| Vestfirðir | 495 | 4140 | | | | | 495 | 4140 | 0,4 | 0,5 |
| Norðurland vestra | 3964 | 36372 | 43 | 304 | 750 | 3232 | 4757 | 39908 | 3,7 | 4,5 |
| Norðurland eystra | 2943 | 29844 | 69 | 626 | | | 3012 | 30470 | 2,3 | 3,4 |
| Austurland | 2026 | 19674 | 25 | 202 | | | 2051 | 19876 | 1,6 | 2,2 |
| Suðurland | 3521 | 25139 | 6369 | 40184 | 280 | 1600 | 10170 | 66923 | 7,9 | 7,5 |
| **Samtals:** | **28042** | **209581** | **11846** | **71568** | **89225** | **615600** | **129113** | **896749** | **100,0** | **100,0** |
| Samtals þyngd í kg: | | 104791 | | 35784 | | 307800 | | 448375 | | |

**Tafla 2.** Heildarfjöldi stang- og netaveiddra laxa, auk endurheimtu hafbeitarstöðva, á Íslandi 1974 - 1994. Reiknaður er hlutfallslegur fjöldi (%) náttúrulegra laxa af heildarfjölda laxa.

| ÁR | Stangveiði | Netaveiði | Stang- og netaveiði samtals | Hafbeit | Heildarfjöldi samtals | Hlutfall náttúrulegra laxa (%) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1974 | 34107 | 18044 | 52151 | 3765 | 55916 | 93,3 |
| 1975 | 45882 | 20402 | 66284 | 7720 | 74004 | 89,6 |
| 1976 | 39249 | 17130 | 56379 | 3247 | 59626 | 94,6 |
| 1977 | 41302 | 20864 | 62166 | 2405 | 64571 | 96,3 |
| 1978 | 52679 | 25946 | 78625 | 1953 | 80578 | 97,6 |
| 1979 | 43955 | 18306 | 62261 | 1967 | 64228 | 96,9 |
| 1980 | 30007 | 18992 | 48999 | 3138 | 52137 | 94,0 |
| 1981 | 27777 | 14478 | 42255 | 4626 | 46881 | 90,1 |
| 1982 | 24671 | 11107 | 35778 | 5340 | 41118 | 87,0 |
| 1983 | 29267 | 17761 | 47028 | 11194 | 58222 | 80,8 |
| 1984 | 23582 | 10912 | 34494 | 6595 | 41089 | 83,9 |
| 1985 | 31621 | 14942 | 46563 | 19750 | 66313 | 70,2 |
| 1986 | 46671 | 20437 | 67108 | 24100 | 91208 | 73,6 |
| 1987 | 33907 | 13960 | 47867 | 14140 | 62007 | 77,2 |
| 1988 | 47979 | 18781 | 66760 | 64017 | 130777 | 51,0 |
| 1989 | 30082 | 11738 | 41820 | 48617 | 90437 | 46,2 |
| 1990 | 29443 | 12339 | 41782 | 90726 | 132508 | 31,5 |
| 1991 | 31492 | 10454 | 41946 | 133203 | 175149 | 23,9 |
| 1992 | 42309 | 12062 | 54371 | 140763 | 195134 | 27,9 |
| 1993 | 39025 | 10197 | 49222 | 168427 | 217649 | 22,6 |
| 1994 | 28042 | 11846 | 39888 | 89225 | 129113 | 30,9 |
| **1974 - 1994 meðaltal:** | **35859** | **15748** | **51607** | **40234** | **91841** | **56,2** |

**Tafla 6.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Reykjanesi (Reykjaneskjördæmi) 1994. (Þyngd er í pundum, 1 pund = 500 gr).

| Nafn ár | Heildarlaxveiði | | | | Smálax | | Stórlax | | Silungsveiði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi laxa | Þyngd laxa | Heildar meðalþ. | Smálax/ stórlax | Fjöldi smálaxa | Meðalþ. smálaxa | Fjöldi stórlaxa | Meðalþ. stórlaxa | Fjöldi urriða | Fjöldi bleikja |
| Elliðaár | 1132 | 5586 | 4,9 | 20,0 | 1078 | 4,7 | 54 | 9,9 | 19 | 0 |
| Úlfarsá (Korpa) | 338 | 1632 | 4,8 | 21,5 | 323 | 4,6 | 15 | 8,9 | 4 | 1 |
| Leirvogsá | 490 | 2451 | 5,0 | 9,0 | 441 | 4,5 | 49 | 9,3 | 7 | 0 |
| Kiðafellsá * | | | | | | | | | | |
| Laxá í Kjós | 683 | 4387 | 6,4 | 3,1 | 516 | 5,0 | 167 | 10,7 | 14 | 0 |
| Bugða | 100 | 623 | 6,2 | 4,3 | 81 | 5,4 | 19 | 9,6 | 15 | 0 |
| Brynjudalsá | 88 | 478 | 5,4 | 5,8 | 75 | 4,7 | 13 | 9,7 | 0 | 7 |
| Botnsá | 58 | 334 | 5,9 | 5,4 | 49 | 4,8 | 9 | 12,0 | 2 | 5 |
| **Reykjanes samtals:** | **2889** | **15491** | **5,4** | **7,9** | **2563** | | **326** | | **61** | **13** |

* *Skýrsla barst ekki*

**Tafla 7.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Vesturlandi 1994. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500 gr).

| Nafn ár | Heildarlaxveiði | | | | Smálax | | Stórlax | | Silungsveiði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi laxa | Þyngd laxa | Heildar meðalþ. | Smálax/ stórlax | Fjöldi smálaxa | Meðalþ. smálaxa | Fjöldi stórlaxa | Meðalþ. stórlaxa | Fjöldi urriða | Fjöldi bleikja |
| Vötn í Svínadal | 9 | 51 | 5,7 | 8,0 | 8 | 4,8 | 1 | 10,2 | 29 | 0 |
| Laxá í Leirársveit | 853 | 4833 | 5,7 | 5,0 | 711 | 4,8 | 142 | 10,2 | 183 | 14 |
| Hvítá í Borgarfirði | 560 | 3528 | 6,3 | 3,2 | 426 | 4,8 | 134 | 11,0 | 364 | 11 |
| Andakílsá | 125 | 728 | 5,8 | 4,7 | 103 | 4,9 | 22 | 9,9 | 0 | 3 |
| Grímsá og Tunguá | 1484 | 8351 | 5,6 | 5,3 | 1250 | 4,8 | 234 | 9,8 | 357 | 6 |
| Flókadalsá | 341 | 1757 | 5,2 | 9,7 | 309 | 4,7 | 32 | 9,2 | 4 | 0 |
| Reykjadalsá | 25 | 144 | 5,8 | 4,0 | 20 | 5,1 | 5 | 8,4 | 8 | 11 |
| Norðlingafljót | 930 | 9061 | 9,7 | 0,7 | 367 | 5,4 | 563 | 12,6 | 32 | 6 |
| Þverá og Kjarrá | 1605 | 11457 | 7,1 | 2,0 | 1077 | 5,2 | 528 | 11,1 | 109 | 25 |
| Norðurá | 1625 | 9749 | 6,0 | 3,0 | 1215 | 4,7 | 410 | 9,9 | 4 | 2 |
| Gljúfurá | 150 | 726 | 4,8 | 9,0 | 135 | 4,4 | 15 | 8,7 | 3 | 0 |
| Langá | 927 | 4839 | 5,2 | 6,9 | 809 | 4,5 | 118 | 10,2 | 1 | 9 |
| Urriðaá | 15 | 75 | 5,0 | 14,0 | 14 | 4,5 | 1 | 12,0 | 40 | 1 |
| Álftá | 247 | 1458 | 5,9 | 5,2 | 207 | 5,2 | 40 | 9,6 | 220 | 9 |
| Hítará og Grjótá | 206 | 1282 | 6,2 | 3,8 | 163 | 5,2 | 43 | 10,1 | 0 | 0 |
| Haffjarðará | 672 | 4339 | 6,5 | 3,6 | 525 | 5,3 | 147 | 10,8 | 6 | 10 |
| Núpá í Eyjahreppi | 233 | 1923 | 8,3 | 1,2 | 125 | 5,1 | 108 | 11,9 | 3 | 64 |
| Laxá í Miklaholtshreppi | 11 | 58 | 5,3 | 2,7 | 8 | 4,3 | 3 | 7,7 | 4 | 26 |
| Straumfjarðará | 253 | 1522 | 6,0 | 3,5 | 197 | 5,0 | 56 | 9,7 | 0 | 0 |
| Lýsa | 98 | 590 | 6,0 | 2,6 | 71 | 4,8 | 27 | 9,2 | 7 | 14 |
| Fróðá | 29 | 171 | 5,9 | 6,3 | 25 | 4,8 | 4 | 12,5 | 1 | 161 |
| Setbergsá | 40 | 204 | 5,1 | 4,7 | 33 | 4,3 | 7 | 8,9 | 1 | 0 |
| Laxá á Skógarströnd | 33 | 207 | 6,3 | 5,6 | 28 | 5,4 | 5 | 11,0 | 2 | 4 |
| Dunká | 50 | 275 | 5,5 | 5,3 | 42 | 4,5 | 8 | 10,7 | 0 | 0 |
| Hörðudalsá | 17 | 116 | 6,8 | 1,1 | 9 | 4,8 | 8 | 9,1 | 0 | 271 |
| Skrauma á Skógarströnd | 4 | 23 | 5,8 | 3,0 | 3 | 5,0 | 1 | 8,0 | 10 | 0 |
| Miðá og Tunguá | 42 | 257 | 6,1 | 3,2 | 32 | 4,7 | 10 | 10,6 | 1 | 411 |
| Haukadalsá neðri | 407 | 2760 | 6,8 | 1,7 | 255 | 4,5 | 152 | 10,7 | 0 | 111 |
| Haukadalsá efri * | | | | | | | | | | |
| Laxá í Dölum | 625 | 4542 | 7,3 | 1,0 | 317 | 5,2 | 308 | 10,9 | 0 | 0 |
| Fáskrúð | 96 | 620 | 6,5 | 1,7 | 61 | 4,2 | 35 | 10,4 | 0 | 0 |
| Glerá | 37 | 336 | 9,1 | 0,6 | 14 | 4,1 | 23 | 12,1 | 0 | 1 |
| Laxá í Hvammssveit | 27 | 221 | 8,2 | 1,1 | 14 | 4,6 | 13 | 12,0 | 0 | 2 |
| Flekkudalsá | 100 | 502 | 5,0 | 6,1 | 86 | 4,3 | 14 | 9,3 | 6 | 23 |
| Krossá | 44 | 254 | 5,8 | 3,9 | 35 | 4,3 | 9 | 11,4 | 11 | 16 |
| Búðardalsá | 41 | 355 | 8,7 | 1,3 | 23 | 4,7 | 18 | 13,7 | 1 | 1 |
| Hvolsá | 77 | 517 | 6,7 | 1,7 | 48 | 4,8 | 29 | 9,7 | 0 | 0 |
| Staðarhólsá | 166 | 1090 | 6,6 | 2,5 | 119 | 5,1 | 47 | 10,3 | 2 | 733 |
| **Vesturland samtals:** | **12204** | **78921** | **6,5** | **2,7** | **8884** | | **3320** | | **1409** | **1945** |

* *Skýrsla barst ekki*

**Tafla 3.** Tíu aflahæstu laxveiðiárnar 1994.

| Nafn ár. | Fjöldi veiddra laxa |
|---|---|
| 1. Norðurá | 1625 |
| 2. Þverá og Kjarrá | 1605 |
| 3. Rangárnar | 1576 |
| 4. Grímsá og Tunguá | 1485 |
| 5. Laxá í Aðaldal | 1226 |
| 6. Elliðaár | 1132 |
| 7. Hofsá og Sunnudalsá | 1012 |
| 8. Langá | 927 |
| 9. Laxá í Leirársveit | 853 |
| 10. Laxá á Ásum | 805 |

**Tafla 4.** Fimm aflahæstu urriðaveiðisvæðin 1994.

| Nafn ár | Fjöldi veiddra urriða |
|---|---|
| 1. Grenlækur | 3311 |
| 2. Fremri Laxá á Ásum | 2744 |
| 3. Laxá í Þing. ofan Brúa. | 2301 |
| 4. Laxá í Aðaldal | 705 |
| 5. Litlaá og Skjálftavatn | 583 |

**Tafla 5.** Fimm aflahæstu bleikjuveiðiárnar 1994.

| Nafn ár | Fjöldi veiddra bleikja |
|---|---|
| 1. Fljótaá | 7071 |
| 2. Eyjafjarðará | 3319 |
| 3. Svarfaðardalsá | 1691 |
| 4. Flókadaslá | 1673 |
| 5. Hörgá | 1590 |

**Tafla 8.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Vestfjörðum 1994. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

| Nafn ár | Heildarlaxveiði | | | | Smálax | | Stórlax | | Silungsveiði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi laxa | Þyngd laxa | Heildar meðalþ. | Smálax/ stórlax | Fjöldi smálax | Meðalþ. smálax | Fjöldi stórlax | Meðalþ. stórlax | Fjöldi urriða | Fjöldi bleikja |
| Fjarðarhornsá | 4 | 26 | 6,5 | 3,0 | 3 | 5,0 | 1 | 11,0 | 0 | 80 |
| Mórudalsá | 0 | 0 | 0,0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0 |
| Suðurfossá | 9 | 46 | 5,1 | 8,0 | 8 | 4,8 | 1 | 8,0 | 0 | 0 |
| Botnslón | 0 | 0 | 0,0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0 |
| Svínafossá * | | | | | | | | | | |
| Hvannadalsá | 41 | 384 | 9,4 | 0,6 | 16 | 6,2 | 25 | 11,2 | 0 | 1 |
| Langadalsá | 72 | 656 | 9,1 | 0,4 | 21 | 3,6 | 51 | 11,4 | 1 | 76 |
| Laugardalsá | 157 | 1108 | 7,1 | 2,0 | 104 | 4,8 | 53 | 11,5 | 11 | 0 |
| Ísafjarðará | 3 | 17 | 5,7 | | 3 | 5,7 | 0 | 0,0 | 0 | 0 |
| Selá í Skjaldfannardal | 0 | 0 | 0,0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0 |
| Bjarnarfjarðará | 0 | 0 | 0,0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 5 | 75 |
| Selá í Steingrímsfirði | 64 | 460 | 7,2 | 1,1 | 34 | 5,5 | 30 | 9,0 | 0 | 404 |
| Staðará í Steingrímsfirði | 26 | 191 | 7,3 | 1,4 | 15 | 5,6 | 11 | 9,9 | 0 | 163 |
| Hrófá | 23 | 190 | 8,3 | 0,0 | 12 | 5,5 | 11 | 11,3 | 1 | 31 |
| Prestbakkaá | 12 | 136 | 11,3 | 0,2 | 2 | 6,0 | 10 | 12,4 | 0 | 0 |
| Krossá | 52 | 605 | 11,6 | 0,4 | 15 | 4,7 | 37 | 14,5 | 0 | 1 |
| Víkurá | 20 | 220 | 11,0 | 0,2 | 3 | 4,7 | 17 | 12,1 | 0 | 7 |
| Laxá í Hrútafirði | 12 | 101 | 8,4 | 1,0 | 6 | 4,2 | 6 | 12,6 | 0 | 0 |
| **Vestfirðir samtals:** | 495 | 4140 | 8,4 | 1,0 | 242 | | 253 | | 18 | 838 |

* *skýrsla barst ekki.*

**Tafla 9.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Norðurlandi vestra 1994. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

| Nafn ár | Heildarlaxveiði | | | | Smálax | | Stórlax | | Silungsveiði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi laxa | Þyngd laxa | Heildar meðalþ. | Smálax/ stórlax | Fjöldi smálax | Meðalþ. smálax | Fjöldi stórlax | Meðalþ. stórlax | Fjöldi urriða | Fjöldi bleikja |
| Hrútafjarðará og Síká | 176 | 1389 | 7,9 | 1,2 | 95 | 4,8 | 81 | 11,5 | 0 | 129 |
| Tjarnará | 9 | 103 | 11,4 | 0,1 | 1 | 4,0 | 8 | 12,4 | 0 | 29 |
| Miðfjarðará | 668 | 5276 | 7,9 | 1,4 | 385 | 4,7 | 283 | 12,2 | 7 | 123 |
| Víðidalsá og Fitjá | 580 | 6049 | 10,4 | 0,5 | 185 | 4,7 | 395 | 13,1 | 14 | 1214 |
| Vatnsdalsá | 516 | 6070 | 11,8 | 0,4 | 135 | 4,9 | 381 | 14,2 | 388 | 1058 |
| Gljúfurá | 21 | 146 | 7,0 | 3,2 | 16 | 5,0 | 5 | 13,2 | 26 | 6 |
| Giljá | 9 | 76 | 8,4 | 2,0 | 6 | 5,5 | 3 | 14,3 | 0 | 0 |
| Laxá á Ásum | 805 | 5706 | 7,1 | 2,3 | 559 | 5,0 | 246 | 11,9 | 2 | 3 |
| Fremri Laxá á Ásum | 26 | 179 | 6,9 | 1,4 | 15 | 4,7 | 11 | 10,4 | 2744 | 26 |
| Blanda | 357 | 4186 | 11,7 | 0,2 | 50 | 4,8 | 307 | 12,9 | 53 | 20 |
| Svartá | 400 | 3484 | 8,7 | 0,8 | 179 | 4,5 | 221 | 12,1 | 152 | 131 |
| Laxá á Refasveit | 144 | 1366 | 9,5 | 0,5 | 51 | 4,6 | 93 | 12,2 | 13 | 1 |
| Hallá | 28 | 227 | 8,1 | 1,2 | 15 | 4,7 | 13 | 12,1 | 21 | 2 |
| Laxá í Nesjum | 9 | 91 | 10,1 | 0,1 | 1 | 6,0 | 8 | 10,6 | 0 | 0 |
| Fossá í Skefilst.hr. | 10 | 108 | 10,8 | 0,4 | 3 | 5,0 | 7 | 13,3 | 0 | 0 |
| Laxá í Skefilstaðahreppi | 26 | 270 | 10,4 | 0,2 | 4 | 4,8 | 22 | 11,4 | 4 | 23 |
| Húseyjarkvísl | 80 | 840 | 10,5 | 0,3 | 18 | 4,6 | 62 | 12,2 | 540 | 44 |
| Norðurá í Skagafi * | | | | | | | | | | |
| Hrollleifsdalsá | 7 | 59 | 8,4 | 1,3 | 4 | 5,6 | 3 | 12,0 | 53 | 628 |
| Flókadalsá | 15 | 156 | 10,4 | 0,4 | 4 | 4,5 | 11 | 12,5 | 82 | 1673 |
| Fljótaá | 78 | 591 | 7,6 | 1,9 | 51 | 5,1 | 27 | 12,2 | 0 | 7071 |
| **Norðurland vestra samtals:** | **3964** | **36372** | **9,2** | **0,8** | **1777** | | **2187** | | **4099** | **12181** |

* *Skýrsla barst ekki.*

**Tafla 10.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga á Norðurlandi eystra 1994. (þyngd er í pundum, 1pund = 500 gr).

| Nafn ár | Heildarlaxveiði | | | | Smálax | | Stórlax | | Silungsveiði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi laxa | Þyngd laxa | Heildar meðalþ. | Smálax/ stórlax | Fjöldi smálax | Meðalþ. smálax | Fjöldi stórlax | Meðalþ. stórlax | Fjöldi urriða | Fjöldi bleikja |
| Ólafsfjarðará * | | | | | | | | | | |
| Svarfaðardalsá | 0 | 0 | 0,0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 40 | 1691 |
| Þorvaldsdalsá * | | | | | | | | | | |
| Hörgá | 1 | 5,5 | 5,5 | | 1 | 5,5 | 0 | 0 | 38 | 1590 |
| Eyjafjarðará | 15 | 82 | 5,5 | 2,8 | 11 | 4,6 | 4 | 7,5 | 153 | 3319 |
| Fnjóská | 128 | 1437 | 11,2 | 0,2 | 23 | 4,8 | 105 | 12,6 | 45 | 550 |
| Djúpá | 39 | 305 | 7,8 | 1,2 | 21 | 5,0 | 18 | 11,1 | 0 | 1 |
| Skjálfandafljót | 379 | 3708 | 9,8 | 0,5 | 124 | 4,6 | 255 | 12,3 | 53 | 198 |
| Laxá í Aðaldal | 1226 | 13756 | 11,2 | 0,4 | 374 | 5,1 | 852 | 13,9 | 705 | 57 |
| Laxá í Laxárdal | 0 | 0 | 0,0 | | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 679 | 1 |
| Laxá í Mývatnssveit | 0 | 0 | 0,0 | | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1263 | 0 |
| Laxá í Mývatnssv. Haganes | 0 | 0 | 0,0 | | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 359 | 5 |
| Reykjadalsá | 110 | 828 | 7,5 | 0,9 | 53 | 4,8 | 57 | 10,0 | 0 | 0 |
| Mýrarkvísl | 139 | 1108 | 8,0 | 1,1 | 74 | 4,8 | 65 | 11,6 | 1 | 0 |
| Litluárvötn og Skjálftavatn | 17 | 91 | 5,4 | 3,3 | 13 | 4,3 | 4 | 8,8 | 583 | 220 |
| Brunná | 0 | 0 | 0,0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 20 | 90 |
| Deildará | 173 | 1075 | 6,2 | 2,4 | 122 | 4,3 | 51 | 10,7 | 46 | 87 |
| Ormarsá | 169 | 1562 | 9,2 | 0,6 | 60 | 4,8 | 109 | 11,7 | 42 | 126 |
| Svalbarðsá | 145 | 1500 | 10,3 | 0,5 | 50 | 5,0 | 95 | 13,2 | 5 | 0 |
| Sandá | 204 | 2362 | 11,6 | 0,3 | 45 | 4,7 | 159 | 13,5 | 1 | 2 |
| Hafralónsá | 147 | 1571 | 10,7 | 0,2 | 29 | 4,9 | 118 | 12,1 | 6 | 34 |
| Kverká | 6 | 44 | 7,3 | 2,0 | 4 | 5,0 | 2 | 12,0 | 1 | 0 |
| Hölkná | 45 | 409 | 9,1 | 0,6 | 17 | 4,5 | 28 | 11,9 | 2 | 0 |
| **Norðurland eystra samtals:** | **2943** | **29844** | **10,1** | **0,5** | **1021** | | **1922** | | **4042** | **7971** |

** Skýrsla barst ekki.*

**Tafla 11.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Ausurlandi 1994. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

| Nafn ár | Heildarlaxveiði | | | | Smálax | | Stórlax | | Silungsveiði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi laxa | Þyngd laxa | Heildar meðalþ. | Smálax/ stórlax | Fjöldi smálax | Meðalþ. smálax | Fjöldi stórlax | Meðalþ. stórlax | Fjöldi urriða | Fjöldi bleikja |
| Miðfjarðá og Kverká | 60 | 585 | 9,8 | 0,4 | 18 | 5 | 42 | 11,8 | 1 | 2 |
| Selá í Vopnafirði | 631 | 6395 | 10,1 | 0,3 | 151 | 4,6 | 480 | 11,9 | 2 | 106 |
| Vesturdalsá | 218 | 1560 | 7,2 | 1,1 | 115 | 4,1 | 103 | 10,6 | 6 | 383 |
| Hofsá og Sunnudalsá | 1012 | 10405 | 10,3 | 0,3 | 251 | 4,4 | 761 | 12,2 | 22 | 261 |
| Gilsá og Selfljót | 16 | 103 | 6,4 | 3,0 | 12 | 4,3 | 4 | 12,7 | 20 | 381 |
| Fjarðará, Seyðisfirði. | 14 | 93 | 6,6 | 1,8 | 9 | 5,4 | 5 | 8,9 | 0 | 44 |
| Fjarðará, Loðmundarfirði | 3 | 34 | 11,3 | 0,5 | 1 | 3,5 | 2 | 15 | 0 | 68 |
| Breiðdalsá | 72 | 499 | 6,9 | 1,5 | 43 | 4,7 | 29 | 10,3 | 307 | 369 |
| **Austurland samtals:** | **2026** | **19674** | **9,7** | **0,4** | **600** | | **1426** | | **358** | **1614** |

**Tafla 12.** Fjöldi og þyngd stangveiddra laxa, ásamt fjölda veiddra silunga í ám á Suðurlandi 1994. (þyngd er í pundum, 1 pund = 500gr).

| Nafn ár | Heildarlaxveiði | | | | Smálax | | Stórlax | | Silungsveiði | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi laxa | Þyngd laxa | Heildar meðalþ. | Smálax/ stórlax | Fjöldi smálax | Meðalþ. smálax | Fjöldi stórlax | Meðalþ. stórlax | Fjöldi urriða | Fjöldi bleikja |
| Geirlandsá | 20 | 124 | 6,2 | 9,0 | 18 | 5,8 | 2 | 10,0 | 118 | 39 |
| Skaftá Vatnamót | 1 | 3 | 3,0 | | 1 | 3,0 | 0 | 0,0 | 405 | 28 |
| Skaftá Mávab.Veiðiós | 2 | 10,5 | 5,3 | | 2 | 5,3 | 0 | 0,0 | 192 | 1 |
| Skaftá Nýji-Bær | 0 | 0 | 0,0 | | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 15 | 0 |
| Holtsá | 0 | 0 | 0,0 | | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 2 | 16 |
| Grenlækur | 11 | 60 | 5,5 | 4,5 | 9 | 3,8 | 2 | 12,0 | 3311 | 273 |
| Eldvatn í Meðallandi | 5 | 34 | 6,8 | 1,5 | 3 | 6,0 | 2 | 8,0 | 129 | 6 |
| Tungufljót | 35 | 225 | 6,4 | 2,2 | 24 | 5,1 | 11 | 9,3 | 156 | 85 |
| Kerlingadalsá og Vatnsá | 95 | 507 | 5,3 | 6,3 | 82 | 4,8 | 13 | 8,3 | 40 | 11 |
| Heiðarvatn | 1 | 3 | 3,0 | | 1 | 3,0 | 0 | 0,0 | 255 | 296 |
| Rangár og Fiská | 1576 | 10060 | 6,4 | 3,9 | 1256 | 5,4 | 320 | 10,3 | 337 | 83 |
| Minnivallarlækur | 1 | 4 | 4,0 | | 1 | 4,0 | | | 42 | 2 |
| Kálfá | 40 | 285 | 7,1 | 2,1 | 27 | 4,8 | 13 | 12,0 | 26 | 6 |
| Ölfusá | 375 | 2656 | 7,1 | 2,3 | 263 | 5,4 | 112 | 11,0 | 366 | 72 |
| Hvítá | 723 | 6429 | 8,9 | 1,0 | 369 | 5,5 | 354 | 12,5 | 75 | 31 |
| Hagaós og Brúará | 26 | 214 | 8,2 | 1,0 | 13 | 5,8 | 13 | 10,7 | 4 | 69 |
| Brúará, Spóastaðir | 23 | 191 | 8,3 | 0,8 | 10 | 4,7 | 13 | 10,8 | 7 | 220 |
| Stóra Laxá | 278 | 2367 | 8,5 | 1,4 | 160 | 5,4 | 118 | 12,8 | 12 | 22 |
| Sogið | 283 | 1840 | 6,5 | 3,0 | 213 | 5,1 | 70 | 10,8 | 11 | 209 |
| Ásgarðslækur | 10 | 25 | 2,5 | | 10 | 2,5 | 0 | 0,0 | 0 | 0 |
| Veiðifélag flóamanna | 16 | 101 | 6,3 | 4,3 | 13 | 4,4 | 3 | 14,5 | 580 | 136 |
| Hlíðarvatn | 0 | 0 | | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 2189 |
| **Suðurland samtals:** | **3521** | **25139** | **7,1** | | **2475** | | **1046** | | **6084** | **3794** |

* *Skýrsla barst ekki.*

**Tafla 13.** Skipting stangveiddra laxa 1994, eftir sjávaraldri og landshlutum.

| Landshluti | Smálax Fjöldi | Stórlax Fjöldi | Hlutfall Smálax/stórlax |
|---|---|---|---|
| Reykjanes | 2563 | 326 | 7,9 |
| Vesturland | 8884 | 3320 | 2,7 |
| Vestfirðir | 242 | 253 | 1,0 |
| Norðurland vestra | 1777 | 2187 | 0,8 |
| Norðurland eystra | 1021 | 1922 | 0,5 |
| Austurland | 600 | 1426 | 0,4 |
| Suðurland | 2475 | 1046 | 2,4 |
| **Samtals:** | 17562 | 10480 | 1,7 |

**Tafla 14.** Skipting laxveiði á Íslandi 1994 í smálax og stórlax.

| Veiði-aðferð | Smálax Fjöldi | Stórlax Fjöldi | Hlutfall Smálax/stórlax |
|---|---|---|---|
| Stangveiði | 17562 | 10480 | 1,7 |
| Netaveiði | 7918 | 3928 | 2,0 |
| Hafbeit | 73302 | 15923 | 4,6 |
| **Samtals:** | 98782 | 30331 | 3,3 |

**Tafla 15.** Fjöldi veiddra laxa valinna laxveiðiáa á árunum 1974 - 1994. Reiknuð er meðalveiði, mesta veiði og minnsta veiði tímabilsins.

| Nafn vatnsfalls | VEIÐIÁR | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | MEÐAL-VEIÐI | MESTA VEIÐI | MINNSTA VEIÐI |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 | 1987 | 1988 | 1989 | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | | | |
| Elliðaár | 2033 | 2071 | 1692 | 1328 | 1383 | 1336 | 938 | 1074 | 1219 | 1508 | 1331 | 1157 | 1083 | 1175 | 2006 | 1773 | 1384 | 1127 | 1393 | 1390 | 1132 | 1406 | 2071 | 938 |
| Úlvarsá (Korpa) | 357 | 438 | 406 | 361 | 327 | 215 | 110 | 166 | 158 | 450 | 225 | 303 | 376 | 245 | 709 | 440 | 306 | 238 | 517 | 457 | 338 | 340 | 709 | 110 |
| Leirvogsá | 332 | 739 | 544 | 474 | 463 | 386 | 136 | 213 | 322 | 514 | 320 | 438 | 324 | 291 | 1057 | 458 | 489 | 435 | 556 | 428 | 490 | 448 | 1057 | 136 |
| Laxá í Kjós | 1270 | 1901 | 1973 | 1677 | 1648 | 1508 | 950 | 1290 | 927 | 1545 | 1273 | 871 | 1043 | 933 | 3422 | 1819 | 1370 | 1328 | 1053 | 1103 | 683 | 1409 | 3422 | 683 |
| Bugða | 158 | 269 | 410 | 263 | 136 | 125 | 212 | 260 | 232 | 450 | 461 | 283 | 201 | 230 | 389 | 314 | 226 | 265 | 191 | 163 | 100 | 254 | 461 | 100 |
| Brynjudalsá | 205 | 271 | 185 | 173 | 98 | | | 24 | 120 | 177 | 68 | 29 | 44 | 59 | 287 | 118 | 385 | 235 | 154 | 118 | 88 | 149 | 385 | 24 |
| Laxá í Leirársveit | 822 | 1654 | 1288 | 1154 | 1252 | 899 | 707 | 670 | 545 | 708 | 742 | 860 | 1610 | 914 | 1887 | 1186 | 1052 | 850 | 652 | 747 | 853 | 1002 | 1887 | 545 |
| Andakílsá | 235 | 331 | 262 | 187 | 237 | 138 | 69 | 104 | 89 | 108 | 106 | 101 | 145 | 136 | 203 | 122 | 97 | 134 | 85 | 109 | 125 | 149 | 331 | 69 |
| Hvítá | 521 | 339 | 388 | 401 | 788 | 573 | 555 | 364 | 348 | 213 | 326 | 597 | 469 | 514 | 439 | 301 | 263 | 572 | 520 | 622 | 560 | 461 | 788 | 213 |
| Grímsá og Tunguá | 1419 | 2116 | 1439 | 1103 | 1952 | 1527 | 869 | 845 | 717 | 1382 | 1061 | 1463 | 1836 | 825 | 1963 | 1200 | 756 | 1294 | 1864 | 1228 | 1485 | 1350 | 2116 | 717 |
| Flókadalsá | 411 | 613 | 432 | 263 | 547 | 377 | 266 | 181 | 234 | 281 | 303 | 351 | 384 | 282 | 293 | 182 | 241 | 350 | 322 | 387 | 341 | 335 | 613 | 181 |
| Reykjadalsá | 275 | 156 | 185 | 112 | 120 | 105 | 56 | 80 | 100 | 91 | 58 | 42 | 69 | 42 | 33 | 75 | 77 | 157 | 107 | 40 | 25 | 95 | 275 | 25 |
| Þverá og Kjarrá | 1748 | 2690 | 2330 | 2368 | 3132 | 3558 | 1938 | 1245 | 1616 | 1901 | 1082 | 1550 | 2127 | 1703 | 1567 | 1327 | 1485 | 1979 | 2314 | 1554 | 1605 | 1944 | 3558 | 1082 |
| Norðurá | 1428 | 2132 | 1675 | 1470 | 2089 | 1995 | 1583 | 1185 | 1455 | 1643 | 856 | 1121 | 1523 | 1034 | 1359 | 867 | 1070 | 1267 | 1965 | 2117 | 1625 | 1498 | 2132 | 856 |
| Gljúfurá | 150 | 522 | 356 | 400 | 461 | 286 | 130 | 101 | 184 | 225 | 110 | 138 | 280 | 73 | 181 | 133 | 97 | 171 | 286 | 192 | 150 | 220 | 522 | 73 |
| Langá | 1379 | 2131 | 1568 | 1720 | 2405 | 1893 | 1049 | 735 | 1090 | 960 | 610 | 1155 | 1765 | 1023 | 1409 | 748 | 1000 | 951 | 1290 | 777 | 927 | 1266 | 2405 | 610 |
| Urriðaá | | | | 84 | 112 | 202 | 102 | 65 | 151 | 162 | 142 | 103 | 55 | 16 | 105 | 63 | 34 | 13 | 19 | 54 | 15 | 83 | 202 | 13 |
| Álftá | 154 | 341 | 204 | 300 | 386 | 255 | 265 | 267 | 396 | 485 | 268 | 333 | 399 | 202 | 443 | 283 | 245 | 274 | 333 | 242 | 247 | 301 | 485 | 154 |
| Hítará | 383 | 525 | 351 | 346 | 649 | 314 | 167 | 252 | 202 | 201 | 151 | 203 | 506 | 273 | 428 | 225 | 257 | 393 | 255 | 279 | 206 | 313 | 649 | 151 |
| Haffjarðará | 613 | 559 | 595 | 624 | 950 | 701 | 494 | 465 | 562 | 625 | 549 | 562 | 1131 | 521 | 875 | 661 | 599 | 711 | 818 | 617 | 672 | 662 | 1131 | 465 |
| Straumfjarðará | 451 | 755 | 433 | 466 | 648 | 391 | 320 | 437 | 350 | 360 | 215 | 327 | 378 | 161 | 334 | 300 | 267 | 308 | 233 | 260 | 253 | 364 | 755 | 161 |
| Vatnsholtsós og vötn | | | | | 290 | 325 | 112 | 175 | 140 | 171 | 135 | 200 | 143 | | 183 | 126 | 101 | 88 | 107 | 105 | 98 | 156 | 325 | 88 |
| Fróðá | | 182 | 199 | 254 | 225 | 234 | 130 | 94 | 75 | 100 | | | 58 | 61 | 71 | 51 | 50 | 51 | 52 | 105 | 29 | 112 | 254 | 29 |
| Grísholtslá og Bakká | 60 | 55 | 75 | 70 | 125 | 61 | 24 | 48 | 37 | 64 | 60 | 27 | 38 | | | | | | | | | 57 | 125 | 24 |
| Setbergsá | | | | | 244 | 167 | 81 | 192 | 170 | 173 | 147 | 215 | 233 | 100 | 296 | 134 | 203 | 117 | 120 | 76 | 40 | 159 | 296 | 40 |
| Laxá á Skógarströnd | 99 | 167 | 114 | 190 | 179 | 177 | 109 | 183 | 121 | 201 | 189 | 277 | 218 | 117 | 242 | 103 | 106 | 101 | 72 | 68 | 33 | 146 | 277 | 33 |
| Dunká | | | | 83 | 76 | 142 | 58 | 138 | 85 | 129 | 52 | 135 | 124 | 68 | 126 | 71 | 96 | 104 | 125 | 103 | 50 | 98 | 142 | 50 |
| Skrauma | 6 | 10 | | 22 | 23 | 18 | 10 | | | 32 | 16 | 16 | 23 | | | | 0 | 3 | 6 | 10 | 4 | 13 | 32 | 0 |
| Hörðudalsá | 74 | 55 | 55 | 51 | | | 51 | 55 | 27 | 87 | 50 | 79 | 43 | 18 | 116 | 78 | 62 | 77 | 68 | | 17 | 59 | 116 | 17 |
| Miðá og Tunguá | 117 | 245 | 121 | 146 | 135 | 203 | 85 | 182 | 132 | 161 | 128 | 46 | 101 | 35 | 200 | 118 | 90 | 88 | 214 | 112 | 42 | 129 | 245 | 35 |
| Haukadalsá | 810 | 914 | 904 | 862 | 926 | 630 | 408 | 814 | 598 | 886 | 633 | 499 | 817 | 650 | 1232 | 511 | 540 | 703 | 776 | 632 | 407 | 722 | 1232 | 407 |
| Laxá í Dölum | 341 | 547 | 488 | 419 | 533 | 630 | 324 | 671 | 650 | 947 | 903 | 1600 | 1907 | 1408 | 2385 | 1006 | 1049 | 1227 | 1124 | 929 | 625 | 939 | 2385 | 324 |
| Fáskrúð | 202 | 298 | 136 | 242 | 226 | 261 | 140 | 190 | 154 | 214 | 165 | 257 | 449 | 381 | 464 | 203 | 226 | 183 | 330 | 212 | 96 | 239 | 464 | 96 |
| Flekkudalsá | 300 | 462 | 343 | 342 | 467 | 509 | 293 | 255 | 237 | 249 | 189 | 133 | 244 | 129 | 360 | 140 | 145 | 241 | 262 | 247 | 100 | 269 | 509 | 100 |
| Krossá á Skarðsströnd | 106 | 120 | 109 | 81 | 106 | 156 | 115 | 157 | 126 | 203 | 93 | 27 | 117 | 51 | 208 | 99 | 30 | 100 | 125 | 114 | 44 | 109 | 208 | 27 |
| Búðardslsá | 35 | | | | 100 | 120 | 131 | 71 | 54 | 71 | 32 | 51 | 55 | 56 | 82 | 81 | 106 | 146 | 131 | 56 | 41 | 79 | 146 | 32 |
| Hvolsá og Staðarhólsá | 126 | 136 | 185 | 163 | 180 | 90 | 18 | 140 | 111 | 100 | 144 | 137 | 323 | 101 | 768 | 163 | 331 | 327 | 306 | 274 | 243 | 208 | 768 | 18 |
| Fjarðarhornsá | | | | 8 | 0 | 38 | 8 | 18 | 34 | 60 | 31 | | 29 | 12 | 16 | 4 | 8 | 33 | 24 | 12 | 4 | 20 | 60 | 0 |
| Laugardalsá í Ísafj.djúpi | 309 | 601 | 245 | 681 | 703 | 596 | 276 | 288 | 250 | 181 | 125 | 421 | 386 | 190 | 501 | 280 | 161 | 284 | 220 | 265 | 157 | 339 | 703 | 125 |
| Ísafjarðará | 10 | 27 | | 52 | 29 | 25 | 12 | 12 | 9 | | 5 | 6 | 14 | 3 | 23 | 16 | 14 | 55 | 15 | 12 | 3 | 18 | 55 | 3 |
| Langadalsá | 78 | 172 | 170 | 189 | 203 | 277 | 206 | 111 | 101 | 98 | 31 | 54 | 112 | 67 | 95 | 130 | 88 | 217 | 292 | 241 | 72 | 143 | 292 | 31 |
| Hvannadalsá | 57 | | 56 | | 120 | 101 | 47 | 30 | 45 | 27 | 24 | 71 | | | 110 | 23 | 42 | 304 | 71 | 51 | 41 | 72 | 304 | 23 |
| Selá í Steingrímsfirði | 34 | 22 | | 27 | 17 | 17 | 23 | 6 | 7 | 0 | 7 | 44 | 22 | 18 | 60 | | 66 | 95 | 81 | 8 | 64 | 33 | 95 | 0 |
| Staðará í Steingrímsf. | 44 | 100 | 108 | 124 | 101 | 95 | 72 | 46 | 41 | 26 | 25 | 28 | 64 | 40 | 71 | 62 | 118 | 82 | 169 | 43 | 26 | 71 | 169 | 25 |
| Víðidalsá í Steingrímsf | 182 | 49 | 54 | 61 | 93 | 104 | 98 | 34 | 54 | 12 | 16 | | 56 | | | | | | | | | 68 | 182 | 12 |
| Hrófá | | 20 | | 22 | 56 | 37 | 48 | 41 | 29 | 14 | 21 | 54 | 62 | 23 | 85 | 41 | 32 | 94 | 93 | 64 | 23 | 45 | 94 | 14 |
| Krossá í Bitru | | | | 49 | 140 | 125 | 151 | 153 | 109 | 90 | 41 | 109 | 180 | 121 | 88 | 79 | 39 | 19 | 63 | 65 | 52 | 93 | 180 | 19 |
| Víkurá | 5 | 38 | 92 | 68 | 121 | 219 | 125 | 174 | 61 | 75 | 45 | 70 | 100 | 40 | 89 | 40 | 38 | 28 | 77 | 70 | 20 | 76 | 219 | 5 |
| Prestbakkaá | 44 | | | 66 | 93 | 105 | 21 | 40 | | 57 | 39 | 85 | 115 | 43 | 123 | | | 51 | 73 | 45 | 12 | 63 | 123 | 12 |
| Laxá í Hrútafirði | 9 | 32 | 18 | 23 | 17 | 39 | 43 | 61 | 45 | 126 | 165 | 133 | 98 | 69 | 69 | 11 | 47 | 96 | 84 | 47 | 12 | 59 | 165 | 9 |

Tafla 15. Framhald.

| Nafn vatnsfalls | V E I Ð I Á R | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | Meðal- | Mesta | Minnsta |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1974 | 1975 | 1976 | 1977 | 1978 | 1979 | 1980 | 1981 | 1982 | 1983 | 1984 | 1985 | 1986 | 1987 | 1988 | 1989 | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | veiði | veiði | veiði |
| Hrútafjarðará og Síká | 194 | 291 | 228 | 262 | 346 | 312 | 253 | 288 | 220 | 287 | 195 | 345 | 536 | 259 | 532 | 252 | 200 | 359 | 459 | 411 | 176 | 305 | 536 | 176 |
| Miðfjarðará | 837 | 1414 | 1601 | 2581 | 2337 | 2132 | 1714 | 1213 | 926 | 882 | 583 | 1059 | 1719 | 1073 | 2081 | 1175 | 774 | 1112 | 1401 | 1023 | 668 | 1348 | 2581 | 583 |
| Tjarnará á Vatnsnesi | | | 34 | | 112 | 82 | 53 | 56 | 36 | 53 | 23 | 55 | 25 | 0 | | 40 | 18 | 51 | 23 | 40 | 9 | 42 | 112 | 0 |
| Víðidalsá og Fitjá | 1051 | 1140 | 1238 | 1792 | 1851 | 1948 | 1423 | 1392 | 1132 | 1082 | 625 | 713 | 1541 | 1563 | 2023 | 924 | 604 | 667 | 1473 | 1342 | 580 | 1243 | 2023 | 580 |
| Vatnsdalsá | 706 | 832 | 571 | 1203 | 1466 | 1413 | 1033 | 985 | 721 | 879 | 699 | 856 | 1582 | 1496 | 1243 | 660 | 604 | 683 | 998 | 853 | 516 | 952 | 1582 | 516 |
| Laxá á Ásum | 1439 | 1881 | 1270 | 1439 | 1854 | 1650 | 956 | 1413 | 1036 | 1050 | 625 | 1440 | 1857 | 1157 | 1617 | 749 | 651 | 833 | 861 | 1458 | 805 | 1240 | 1881 | 625 |
| Blanda | 1173 | 2363 | 1485 | 1367 | 2147 | 906 | 778 | 1412 | 861 | 511 | 495 | 766 | 1814 | 1243 | 1217 | 375 | 607 | 568 | 432 | 404 | 357 | 1013 | 2363 | 357 |
| Svartá | 420 | 232 | 96 | 46 | 295 | 469 | 444 | 125 | 73 | 147 | 132 | 330 | 391 | 462 | 275 | 118 | 105 | 108 | 363 | 495 | 400 | 263 | 495 | 46 |
| Laxá á Refasveit | 79 | 58 | 41 | 71 | 94 | 146 | 153 | 71 | 39 | 57 | 70 | 111 | 144 | 132 | 140 | 96 | 156 | 117 | 297 | 227 | 144 | 116 | 297 | 39 |
| Hallá | | | | 171 | 185 | 197 | 138 | 96 | 57 | 111 | 86 | 109 | 55 | 62 | 62 | 50 | 30 | 45 | 56 | 53 | 28 | 88 | 197 | 28 |
| Fossá í Skefilst.hr | 5 | 6 | | 34 | 62 | 98 | 94 | 26 | 14 | 25 | 8 | 22 | 32 | 20 | 22 | 24 | 12 | 22 | 20 | 25 | 10 | 29 | 98 | 5 |
| Laxá í Skefilst.hr | 120 | 134 | 73 | 140 | 200 | 220 | 245 | 161 | 113 | 93 | 74 | 134 | 138 | 176 | 137 | 70 | 103 | 70 | 144 | 106 | 26 | 127 | 245 | 26 |
| Sæmundará | 115 | 116 | 160 | 212 | 303 | 112 | 70 | 52 | 29 | 75 | | 139 | 94 | | | | | | | | | 123 | 303 | 29 |
| Húseyjarkvísl | 112 | 118 | 141 | 158 | 194 | 84 | 107 | 52 | 54 | 90 | 77 | 105 | 104 | 101 | 73 | 113 | 89 | 103 | 245 | 160 | 80 | 112 | 245 | 52 |
| Hofsá í Vesturdal | 23 | 2 | | 15 | | 12 | 16 | 10 | 23 | | | | | | | | | | | | | 14 | 23 | 2 |
| Kolka | | | | | | 12 | 12 | 11 | 7 | | | 24 | | | | | | | | | | 13 | 24 | 7 |
| Hrolleifsdalsá | | 24 | 28 | 41 | 41 | 65 | 17 | 4 | 4 | 7 | 4 | 25 | 15 | 24 | 10 | 18 | 16 | 18 | 16 | 55 | 7 | 22 | 65 | 4 |
| Flókadalsá í Fljótum | | | | | 71 | 40 | 22 | 54 | 2 | 10 | | 22 | 68 | 38 | 64 | 119 | 135 | 44 | 164 | 136 | 15 | 63 | 164 | 2 |
| Fljótaá | 204 | 189 | 173 | 269 | 316 | 199 | 165 | 125 | 71 | 60 | 68 | 83 | 150 | 112 | 93 | 323 | 388 | 135 | 282 | 203 | 78 | 176 | 388 | 60 |
| Eyjafjarðará | | | | | | 27 | 71 | 21 | 14 | 7 | 11 | 11 | 13 | 13 | 10 | 6 | 40 | 22 | 54 | 33 | 15 | 23 | 71 | 6 |
| Fnjóská | 386 | 268 | 250 | 273 | 554 | 446 | 527 | 257 | 323 | 98 | 107 | 120 | 144 | 93 | 124 | 112 | 121 | 135 | 554 | 411 | 128 | 259 | 554 | 93 |
| Skjálfandafljót | | 67 | 412 | 288 | 336 | 317 | 426 | 108 | 169 | 100 | 165 | 679 | 721 | 503 | 379 | 431 | 493 | 318 | 862 | 907 | 379 | 403 | 907 | 67 |
| Laxá í Aðaldal | 1817 | 2326 | 1777 | 2699 | 3063 | 2372 | 2324 | 1455 | 1304 | 1109 | 1256 | 1911 | 2730 | 2422 | 2255 | 1619 | 1543 | 1439 | 2295 | 1983 | 1226 | 1949 | 3063 | 1109 |
| Reykjadalsá og Eyvindarl. | 337 | 264 | 133 | 593 | 657 | 492 | 321 | 271 | 114 | 210 | 155 | 344 | 373 | 241 | 435 | 241 | 272 | 191 | 280 | 249 | 110 | 299 | 657 | 110 |
| Mýrarkvísl | 210 | 201 | 121 | 181 | 221 | 197 | 169 | 242 | 179 | 248 | 215 | 388 | 490 | 252 | 287 | 239 | 188 | 243 | 390 | 266 | 139 | 241 | 490 | 121 |
| Ormarsá | 123 | 117 | 147 | 275 | 286 | 119 | 124 | 54 | 45 | 87 | 73 | 203 | 350 | 275 | 278 | 264 | 187 | 156 | 335 | 366 | 169 | 192 | 366 | 45 |
| Deildará | 158 | 189 | 168 | 224 | 357 | 164 | 111 | 93 | 27 | 55 | 69 | 234 | 253 | 178 | 173 | 145 | 142 | 88 | 281 | 391 | 173 | 175 | 391 | 27 |
| Svalbarðsá | 234 | 172 | 155 | 240 | 257 | 158 | 167 | 51 | 36 | 41 | 29 | 161 | 171 | 176 | 198 | 238 | 135 | 136 | 289 | 384 | 145 | 170 | 384 | 29 |
| Sandá | 288 | 238 | 315 | 474 | 418 | 411 | 380 | 138 | 53 | 47 | 35 | 257 | 340 | 403 | 290 | 182 | 81 | 100 | 354 | 434 | 204 | 259 | 474 | 35 |
| Hölkná | 135 | 118 | 92 | 219 | 130 | 66 | 73 | 26 | 26 | 25 | 11 | 109 | 121 | 131 | 144 | 105 | 91 | 55 | 150 | 130 | 45 | 95 | 219 | 11 |
| Hafralónsá | 343 | 302 | 227 | 312 | 276 | 264 | 180 | 36 | 60 | 52 | 25 | 132 | 223 | 296 | 361 | 313 | 223 | 123 | 266 | 402 | 147 | 217 | 402 | 25 |
| Miðjarðará við Bakkafj. | 147 | 144 | 183 | 248 | 242 | 135 | 80 | 39 | 15 | 39 | 32 | 116 | 168 | 206 | 186 | 235 | 136 | 101 | 192 | 172 | 60 | 137 | 248 | 15 |
| Selá í Vopnafirði | 589 | 711 | 845 | 1463 | 1394 | 767 | 637 | 192 | 168 | 229 | 123 | 627 | 1258 | 1523 | 1102 | 895 | 634 | 772 | 1318 | 1092 | 631 | 808 | 1523 | 123 |
| Vesturdalsá | 391 | 329 | 326 | 513 | 498 | 268 | 141 | 42 | 34 | 61 | 47 | 280 | 197 | 380 | 231 | 226 | 163 | 116 | 264 | 321 | 218 | 240 | 513 | 34 |
| Hofsá | 1277 | 1117 | 1253 | 1273 | 1336 | 599 | 615 | 145 | 141 | 258 | 185 | 1219 | 1631 | 1710 | 1210 | 809 | 552 | 642 | 2238 | 2028 | 1012 | 1012 | 2238 | 141 |
| Selfljót og Gilsá | | | | 77 | 32 | 19 | 7 | | 6 | 15 | 16 | 65 | 70 | 32 | 12 | 5 | 26 | 42 | 90 | 98 | 16 | 37 | 98 | 5 |
| Fjarðará í Borgarf.eystri | | | | 44 | 27 | 13 | 5 | 1 | | | | | | | | | 6 | | | | | 16 | 44 | 1 |
| Breiðdalsá | 126 | 123 | 76 | 248 | 412 | 248 | 153 | 41 | 20 | 21 | 4 | 78 | 158 | 257 | 185 | 104 | 91 | 116 | 226 | 130 | 72 | 138 | 412 | 4 |
| Geirlandsá í V-Skaft. | 56 | 162 | 59 | 99 | 91 | 88 | 65 | 59 | 42 | 51 | 46 | 49 | 26 | 32 | 62 | 47 | 74 | 93 | 66 | 27 | 20 | 63 | 162 | 20 |
| Eldvatn | 24 | 51 | 13 | 43 | 33 | 45 | 12 | 17 | 11 | 17 | 3 | 9 | 11 | 11 | 37 | 14 | 15 | 13 | 24 | 18 | 5 | 20 | 51 | 3 |
| Tungufljót | | | 14 | 34 | 43 | 74 | 46 | 16 | 20 | 36 | 28 | 23 | 36 | 20 | 25 | 9 | 11 | 21 | 49 | 63 | 35 | 32 | 74 | 9 |
| Kerlingadalsá og Vatnsá | | | | | 28 | 33 | 16 | 57 | 48 | 90 | 49 | 47 | | | 144 | 78 | 107 | 107 | 169 | 130 | 95 | 80 | 169 | 16 |
| Rangárnar | 29 | 57 | 95 | 46 | 82 | 98 | 65 | 80 | 65 | 22 | 10 | 17 | 78 | 32 | 53 | 80 | 1622 | 453 | 521 | 1041 | 1576 | 292 | 1622 | 10 |
| Stóralaxá í Hreppum | 157 | 340 | 293 | 266 | 571 | 272 | 76 | 242 | 218 | 481 | 707 | 183 | 166 | 113 | 115 | 188 | 200 | 286 | 420 | 384 | 278 | 284 | 707 | 76 |
| Brúará | 88 | 84 | 57 | 49 | 64 | 49 | 19 | 57 | 32 | 63 | 92 | 48 | 58 | 76 | 37 | 34 | 44 | 72 | 43 | 80 | 49 | 57 | 92 | 19 |
| Sogið | | 593 | 589 | 537 | 620 | 439 | 223 | 329 | 343 | 248 | 361 | 424 | 497 | 490 | 714 | 325 | 397 | 396 | 341 | 429 | 283 | 429 | 714 | 223 |
| Hvítá í Árnessýslu | | | 1159 | | 1169 | 1028 | 299 | 762 | 634 | 846 | 941 | 550 | 990 | 965 | 788 | 680 | 486 | 456 | 687 | 938 | 723 | 783 | 1169 | 299 |
| Ölfusá | | | 549 | | 825 | 503 | 6 | 102 | 368 | 237 | 381 | 254 | 405 | 393 | 535 | 616 | 315 | 249 | 293 | 515 | 375 | 385 | 825 | 6 |
| Kálfá í Gnúpverjahr. | | | 69 | 42 | 4 | 4 | 8 | 10 | | | 19 | | 11 | 15 | 66 | 104 | 87 | 37 | 2 | 14 | 40 | 33 | 104 | 2 |
| Vatnas. Baugstaðaós | | | | | | | | | 59 | 20 | 20 | 9 | 14 | 11 | 21 | 8 | 16 | 36 | 20 | 23 | 16 | 21 | 59 | 8 |
| **VEIÐI SAMTALS** | **30785** | **41578** | **38680** | **42107** | **53189** | **44076** | **31154** | **28872** | **26493** | **30758** | **24731** | **33631** | **45833** | **35607** | **49486** | **31612** | **30468** | **29915** | **40314** | **37300** | **26558** | **35864** | **53189** | **24731** |